

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	7.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Freysteinsson	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en tvæ ábendingar voru skráðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í annað eftirlit þessa árs í Alcoa Fjarðaál.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Staðan frá því í síðasta eftirliti.
2. Flúorlosun frá álveri Alcoa Fjarðaáli.
3. Umhverfisóhöpp
4. Önnur mál
5. Vettvangsferð um kerskála og að tjörnum.

1. Eitt eldra frávik var opið við síðasta eftirlit vegna olíu í settjörn. Við síðasta eftirlit 18.5.2021 var sýnileg brák á tjörninni þó að mælingar sýndu að ekki væri að bætast olía í tjörnina. Við eftirlitið nú var enn í ísogspýlsa í tjörninni og mælingar á sýnum úr tjörninni sýna að olía er undir undir greiningarmörkum. Því telst frávikinu lokið.

Í síðasta eftirliti voru settar fram tvær ábendingar. Sú fyrri vegna aðgengi að mælistöð fyrir vöktun að Hólmsnesi en þar var land ræst fram í fyrra og torveldaði það aðgengi að stöðinni. Landið hefur þar nú jafnað sig og aðgengi að stöðinni hefur verið gott í sumar en sumarið hefur verið þurr. Ef til þess kemur að ekki verði hægt að fara að stöðinni er möguleiki að færa hana. Það þarf þó að skoða vel og sækja um leyfi fyrir því til Umhverfisstofnunar vegna breytingar á vöktun.

Í seinni ábendingunni vakti Umhverfisstofnun athygli á því að rekstraraðila er skylt skv. gr. 1.3 í starfsleyfi að nota bestu fánlegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir. Rekstraraðili hefur skilað inn greinargerð þar sem farið var yfir hvaða breytingar þarf að gera til að aðlaga starfsemina að nýjum BAT kröfum. Helsta áskorun felst í því að þrengri mörk eru fyrir ryksafnara en eru í nýju BAT-i. Í eftirliti benti rekstraraðili á að það væri óljóst hver skilgreiningin á venjulegum rekstrarskilyrði væri en skv. BATinu eiga losunarmörk aðeins við við venjuleg rekstrarskilyrði.

2. Niðurstöður mælinga flúors í grasi sýna hærra styrk nú í sumar en áður hefur mælst. Veðurfar á Austurlandi hefur verið óvenju heitt, þurr og stillt í sumar sem skýrir að miklu leyti þessa auknu uppsöfnun flúors í grasi í firðinum.

Rekstraraðili mælir flúor skv. mæliáætlun og í eftirliti voru þær niðurstöður sem lágu fyrir kynntar. Meðaltal flúors í grasi utan þynningarsvæðis var 68,5 µg/g sumarið 2021. Umhverfisstofnun hafa borist niðurstöður mælinga á loftgæðastöðvum fram í miðjan ágúst en þær niðurstöður sýna að meðaltal flúors í ryki og gasi er að meðaltali 0,18 µg/m³. Árið 2020 var meðaltal flúors í ryki og gasi á loftgæðastöðvum 0,21 µg/m³. Skv. gr. 1.7 í starfsleyfi rekstraraðila skal vetnisflúoríð eða flúor í gasi ekki fara yfir 0,3 µg/m³ sem meðaltal fyrir tímabilið 1. apríl til 30. september. Þær niðurstöður úr mælingum á loftgæðastöðvum sem liggja fyrir ná aðeins fram í miðjan ágúst og því er ekki ljóst hvert meðaltalsgildið fyrir flúor í gasi veður á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Niðurstöður mælinga á loftgæðastöð tvö sýna meðaltalið 0,73 µg/m³, en enn vantar niðurstöður mælingar frá miðjum ágúst og út september.

MAST hefur verið upplýst um stöðu mála og samráð hefur verið haft við bændur á svæðinu.

3. Eitt umhverfisóhöpp hefur átt sér stað síðan í seinata eftirliti. Glussi lak frá bíl þjónustuaðila sem var inn lóð rekstraraðila. Lekinn fór niður á malbik og var stöðvaður skv. viðbragðsáætlun rekstraraðila.

Hreinsun gekk vel.

4. Viðamikil endurfóðrun á kerjum hefur staðið yfir hjá rekstraraðila. Kerlekum hefur fækkað síðan sú vinna hófst. Kerlínan hefur yngst um 600 daga síðan um áramót. Nú eru 30 ker ekki í starfsemi en verða að öllum líkindum um 12-14 um næstu áramót. Í eðlilegum rekstri eru um 40-60 ker endurnýjuð árlega. Til stendur að endurnýja töluvert af síum í hreinsivirkinu nú á haustdögum og næsta vor. Enn er verið að skoða virkni stjórnupoka og hvort þeir verði áfram notaðir í hreinsivirkinu.

5. Í vettvangsferð var farið í kerskála og niður að settjörnum. Í kerskála var töluvert af ryki á gólfum en ryksuga sem notuð er við að hreinsa gólfin var biluð við eftirlit og notast var við sóp meðan viðgerð stóð yfir. Settjörn var einnig skoðuð og eins og sjá má í tölulíð 1 hér að ofan.

ÁBENDINGAR

Brýnt er að fylgjast vel með niðurstöðum flúormælinga og halda öllum viðeigandi aðilum upplýstum um stöðu mála.

Þess skal gætt að ryk safnist ekki upp á gólfi í kerskála en slíkt getur valdið aukinni losun. Töluvert ryk var á gólfi í kerskála í eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.11.2021



Steinunn Karlsdóttir